

Minnisblað - 2001050

Til: Byggðarráðs

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Bátabrautin í Hnúksnesi*

Dags.: 23.4.2020

Í tengslum við umfjöllun um málefni Hnúksness hafa borist ábendingar og spurningar.

- Er sveitarstjórnin að gefa frá sér réttindi sín í Hnúksnesi sem kveða á um „ótakmarkaðan afnotarétt“?
- Er sveitarstjórnin að loka fyrir að komast út í Langey frá Hnúksnesi? Við hverju má búast?
- Eru hugmyndir um niðursátur fyrir björgunarbát og hugsanlega aðstöðu fyrir ferðaþjónustuaðila fyrir bí?
- Hvað þarf leigutaki að gera gagnvart sveitarfélaginu áður hann færi í lagningu á vegi frá vog í Hnúksnesi og að vöginum?
- Í kringum húsin í Hnúksnesi ægir saman alls konar drasli s.s. bílhræi, ónýtum bátavögnum, timburrusli úr gögmlum byggingum, ónýtum húsgögnum og alls konar járnadrasli. Ýmiskonar drasl hefur fokið/rekið v+itt og breytt um svæðið.
- Bryggjan er að hruni kominn og stórhættuleg. Spurning um aðgerðir varðandi það?
- Við bryggjuna hefur verið prammi sem á stóran þátt í skemmdum á bryggjunni. Pramminn er búinn að brjóta megnið af fremsta stöplinum undir bryggjunni, þannig að hún hallar fram. Einnig hefur hann brotið framstykkið af bryggjunni.
- Hnúksnesið og svæðið þar í kring gæti haft mikið aðdráttarafl en ábeningar eru um að í dag hafi það þveröfug áhrif.